

þeirri, sem gildir í fardögum 1871, nemur uppgjöfin 3 rd. 23 sk.,
og lækkunin 2 rd. 38 sk.

1871.
30. júní.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og
til þess þér birtíð það, að stjórnarráðið fellst á uppástungu yðar.

**62. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir
Íslandi, um peninga sending til jarðabókarsjóðsins.**

30. júní.

Með því að landfógetinn hefir skýrt frá, að 7500 rd. í
peningum, en ekki meira, hafi verið til í jarðabókarsjóði Íslands
10. dag þ. m., og að búast megi við, að allmikið fæ verði útborgað
á þeim tveimur mánuðum, sem í hönd fara, sérilagi til alþingis,
en engra gjalda sè að vænta í sjóðinn á því tímabili, hafið þér,
herra stiptamtmaður, í bræfi 12. þ. m. meðal annars farið þess
á leit, að jarðabókarsjóðnum verði sendir að minnsta kosti 20000 rd.
í silfri með næstu ferð póstgufuskipsins.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og
svo þér gjöríð þær ráðstafanir, sem með þarf, að vèr sendum
yður 25000 rd. í silfri með þeirri ferð póstgufuskipsins »Díönu«,
sem nú er fyrir höndum, og mælumst til að fá kvittun yðar fyrir þessu
fè. Að endingu skal því við bætt, að stjórnarráðið hefir fest sèr
skaðabætur, ef svo kynni að fara að peningarnir týndist á leiðinni.

**63. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins og
amtmananna á Íslandi, um ferðaáætlun póstgufu-
skipsins 1871.**

30. júní.

Í bænarskrá einni hefir kaupmannsfélagið Örum og Wulff og
fl. sókt um, að póstgufuskipið »Díana» megi koma við fyrir austan
á Íslandi á þessu ári, og nefnd sú, sem sett var 12. apríl þ. á.,
til að rannsaka, hvort koma megi við reglulegum gufuskipsferðum
kringum strendur Íslands, hefir sent bænarskrá þessa hingað.